

Nefndasvið Alþingis
B.t. atvinnuveganefndar

Reykjavík, 23. október 2014.

Efni: Umsögn Orkuveitu Reykjavíkur um frv. til laga um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku (jöfnunargjald), 107. mál.

Orkuveita Reykjavíkur hefur með erindi atvinnuveganefndar, dags. 20. október 2014 borist til umsagnar frumvarp til laga um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku (jöfnunargjald), 107. mál.

Orkuveita Reykjavíkur vísar til fyrri umsagnar um sama mál, dags. 7. febrúar 2014.

Orkuveita Reykjavíkur leggst alfarið gegn þeim áformum sem fram koma í frumvarpinu og gerir athugasemdir við efni frumvarpsins og athugasemda með því, eins og nánar er gerð grein fyrir hér að neðan. Þær tillögur sem í frumvarpinu felast varða mikla fjárhagslega hagsmuni, fyrir dreifiveitu raforku og hitaveitu, vatnsveitu og fráveitu fyrirtækisins, sem og viðskiptavina þess.

Ekki er í frumvarpinu tekið tillit til þeirrar verðjöfnunar sem þegar er fyrir hendi í raforkukerfinu.

Í frumvarpinu er engin grein gerð fyrir þeirri verðjöfnun sem þegar er í raforkukerfinu með því hvernig flutningskerfi Landsnets þjónar landshlutum með mismunandi hætti.

Verð á flutningsþjónustu Landsnets er óháð því hvar þjónustan er veitt. Höfuðborgarsvæðið nýtur þess ekki í gjaldskrá að flutningskostnaður til þess sé í raun lægri en í dreifbýlinu.

Við stofnun Landsnets voru lagðar inn í fyrirtækið línur og mannvirki sem stjórnvöld á sínum tíma ætluðu sem byggðastyrki. Í dag þurfa þessar eignir að skila arði eins og hverjar aðrar eignir Landsnets og þungi þess kostnaðar leggst á höfuðborgarsvæðið.

Orkuveita Reykjavíkur rekur háspennukerfi innan höfuðborgarsvæðisins, sem annarsstaðar á landinu er rekið af Landsneti, og er kostnaður við það eingöngu borinn af íbúum á höfuðborgarsvæðinu meðan kostnaður við landsnetið er borinn af öllum raforkunotendum, höfuðborgarbúum þar með töldum.

Frumvarpið hvetur ekki til hagkvæmni.

Með skattinum er unnið mjög gegn hvötum til hagkvæms reksturs dreifiveitna rafmagns. Viðskiptavinir veitna, sem af einhverjum ástæðum eru dýrar í rekstri, virðast geta í sífellt auknum mæli fengið það bætt með álögum á viðskiptavinum annarra veitna.

Hvati einstakra viðskiptavina á dreifbýlistaxta til að leita hagkvæmra lausna við að minnka raforkunotkun sína, t.d. með varmadælum eða öðrum lausnum, minnkar.

Hvati sveitarfélaga á köldum svæðum til að leita hagkvæmari lausna í húshitun, s.s. með hitaveitum, minnkar.

Ríkisvaldið virðist gera óraunhæfar arðsemiskröfur til óhagkvæmra dreifikerfa í eigin eigu og ætla sér að bæta það upp með álögum á dreifiveitur í eigu sveitarfélaga.

Félagslegir styrkir ættu að greiðast beint úr ríkissjóði. Skattheimta vegna raforkunotkunar hefur mikið aukist síðustu ár.

Það er eðlilegt að félagslegir byggðastyrkir leggist á landsmenn í gegnum almenna skattkerfið í stað þess að tengja þær álögur raforkunotkun.

Það er einfaldara og gegnsærra og kallar síður á útpenslu eftirlitskerfis ríkisins að byggðastyrkir séu greiddir úr ríkissjóði.

Með skattinum væru enn einar álögurnar lagðar á raforkunotendur, en á síðustu misserum hefur verið lagður sérstakur skattur á söluhluta raforkunnar og eftirlitsgjald Orkustofnunar hefur verið tvöfaldað.

Verðbólguáhrif af skattheimtunni verða veruleg.

Það álit Hagstofu Íslands að skatturinn hafi ekki áhrif á vísitölu neysluverðs virðist úr lausu lofti gripið. Nefna má framleiðslufyrirtæki matvæla sem nota mikla raforku þar sem skatturinn hækkar kostnað þeirra um milljónir króna á ári og reikna má með að sú kostnaðarhækkun fari beint út í almennt verðlag.

Önnur vísitöluáhrif þessa eru að veitubjónusta, önnur en rafveita, sem krefst rafknúinnar dælingar (hitaveita, fráveita og vatnsveita) mun hækka í verði með tilheyrandi áhrifum á vísitölu neysluverðs.

Opinber þjónusta, sem neytendur bera hluta kostnaðar af, mun hækka í verði á þéttbýlissvæðum. Má nefna að sveitarsjóðir í þéttbýli munu þurfa að greiða milljónum króna meira fyrir þá raforku sem notuð er t.d. í skólum og íþróttamannvirkjum. Hið sama gildir um heilbrigðisstofnanir ríkis og sveitarfélaga, eins og eftirfarandi dæmi um áhrif á raforkunotendur á dreifiveitusvæði Orkuveitu Reykjavíkur-veitna sýna. Rétt er að geta þess að aflað hefur verið samþykkis viðkomandi aðila fyrir birtingu upplýsinganna:

Notandi	Notkun dreifing	kWh	Fjárhæð skattgreiðslu á ári m.v. 0,3 kr/kWh
Landsspítali	20.175.043		6.052.513,-kr.
Reykjavíkurborg ¹	29.013.843		8.704.152,- kr.
Íslensk-ameríska	9.317.742		2.795.323,- kr.

verslunarfélagið ²		
Orkuveita Reykjavíkur ³	58.697.134	17.609.140,- kr.

¹Nokkur helstu svið Reykjavíkurborgar, ekki tæmandi samantekt á allri raforkunotkun borgarinnar eða stofnana hennar.

²Íslensk-ameríska er samstæða fyrirtækja, sem m.a. inniheldur matvælaframleiðendur á boð við Mylluna, ORA, Kexverksmiðjunar Frón og Kexsmiðjuna.

³Raforkunotkun sem að mestu leyti nýtist til að knýja dælur hitaveitu, vatnsveitu og fráveitu.

Skattheimtan raskar samkeppni.

Samkeppnistöðu íslensks iðnaðar í þéttbýli, sem notar mikla raforku, verður raskað ef frumvarpið verður að lögum, sem og stöðu höfuðborgarsvæðisins í samkeppni við erlendar höfuðborgir um búsetu og staðsetningu fyrirtækja.

Niðurlag.

Orkuveita Reykjavíkur ítrekar harða andstöðu fyrirtækisins við efni frumvarpsins.

Virðingarfyllst,



Elín Smáradóttir, hdl.